

Siðareglur kennara



Siðareglur kennara



Kennari:

1. Menntar nemendur.
2. Eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
3. Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
4. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
5. Hefur jafnrétti að leiðarljósi.
6. Vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
7. Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
8. Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
9. Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
10. Vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
11. Sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.

Siðaregla 1

Kennari menntar nemendur

- Hverju breytir það ef reglan væri kennari kennir nemendum í stað kennari menntar nemendur?
- Hvernig mennta
 - kennarar?
 - skólastjórnendur?
 - námsráðgjafar?
 - aðrir starfsmenn skóla?
- Hver er sérstaða menntunar á þínu skólastigi og hvað á hún sameiginlegt með menntun á öðrum skólastigum?

Siðaregla 2

Kennari eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu

- Hvernig eflum við gagnrýna hugsun og virðingu?
- Hvernig hafa kennsluhættir áhrif á gagnrýna hugsun og virðingu?
- Hvers vegna eru gagnrýni og virðing tengd í þessari siðareglu?

Siðaregla 3

Kennari sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju

- Hvernig sýnum við nemendum
 - virðingu?
 - áhuga?
 - umhyggju?
- Eru til mismunandi leiðir til að sýna ólíkum einstaklingum virðingu, áhuga og umhyggju?
- Hvers vegna eru virðing, áhugi og umhyggja tengd í þessari siðareglu?

Siðaregla 4

Kennari skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi

- Hvernig sköpun við góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi?
- Hverjir deila ábyrgð á góðum starfsanda og hvetjandi námsumhverfi með kennara?
- Hvernig á kennari að framfylgja þessari reglu ef grafið er undan góðum starfsanda eða hvetjandi námsumhverfi?
- Nær þessir regla út fyrir skólastofuna? Hvernig þá?

Siðaregla 5

Kennari hefur jafnrétti að leiðarljósi

- Hvað er jafnrétti?
- Hvernig reynir helst á jafnrétti?
- Að hve miklu leyti felur jafnrétti í sér að kennari mismuni ekki og að hve miklu leyti felur það í sér að kennari jafni stöðu nemenda?

Siðaregla 6

Kennari vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir

- Hvernig er hægt að vinna gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti?
- Hvernig breytir þessi siðaregla starfi kennarans?
- Hvers konar annað ranglæti?
- Hvaða sex fordómar eru skaðlegastir á Ísland?
- Hvað á kennari að gera ef hann verður var við fordóma hjá samstarfsfólki?

Siðaregla 7

Kennari kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra

- Hvað er að koma vel fram við nemendur og forráðamenn?
- Hver er ófrávíkjanlegur réttur nemenda og forráðamanna? Takmarkar hann rétt kennara?
- Hvenær myndu kennarar freistast til þess að koma ekki vel fram við nemendur eða forráðamenn?

Siðaregla 8

Kennari gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu

- Hvenær reynir helst á trúnað?
- Ber kennari trúnað gagnvart nemanda sínum gegn forráðamanni?
- Hvernig fara trúnaður og opin samskipti saman?

Siðaregla 9

Kennari viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana

- Hvaða hæfni þarf kennari að hafa í starfi?
- Hvernig viðheldur kennari starfshæfni sinni og eykur hana?
- Hvernig veit kennari hvort starfshæfni hans sé nægileg?

Siðaregla 10

Kennari vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt

- Hvað felst í faglegum samskiptum?
- Hvert er samspil faglegrar vinnu og persónulegra tengsla?
- Hvaða tækifæri felast í þessu samspili eða hvaða hættur?

Siðaregla 11

Kennari sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu

- Hvað er átt við með fullri virðingu?
- Er virðing breytileg eftir aðstæðum?
- Hvernig fer virðing saman við
 - tjáningarfrelsi?
 - grín?
 - gagnrýni?

Siðaregla 12

Kennari gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar

- Hver er heiður kennarastéttarinnar og hvað hefur áhrif á hann?
- Hverjir eru hagsmunir stéttarinnar?
- Hvað takmarkar hagsmuni kennara?
- Hversu langt mega kennarar ganga í að reka hagsmuni sína?
- Hvernig fer það saman að gæta heiðurs og að gagnrýna stéttina?